á Seyðisfirði ... sem samritum
Seyðisfirði hinn 10. April 1907.
T. Guðmundsson.

Vitundarvottar:
Herm. Þorsteinsson
Sig. Eiríksson.

Innført 12. april 1907 í afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðar kaupstaðar Ltra J, bl. 190, og þinglesið á Seyðisfjarðarmanntalsþingi á næsta
Þinglestursgjald:
6 – sex – krónur.
Innført.

Lesið á Seyðisfjarðar-manntalsþingi 27. maí 19..

Aflýst á Seyðisfjarðar...

Nr. 50.

# Leigusamningur.

Eg, Þórarinn Hálfdánarson á Bakka í Skeggjastaðahreppi, Gjöri kunnugt að ég með þessu bréfi mínu leigi kaupmanni Halldóri Runólfssyni í Höfn grunn undir eptirfylgjandi hús:

1º Íbúðarhús 20×10 al.
2º Sjómanna- og fiskihús 15×11 al. með tveim áföstum skúrum 11×8 og 11×..
3º Pakkhús 24×12 al.
4º Sjómanna- og vörugeymsluhús 12×8 al.
Öll hin framantöldu hús standa á tanga, vestanvert við Hafnarlendingu
5º Sölubúð 12×6 al., sem stendur upp af miðri Hafnarlendingu.
6º Fiskiskúr 12×8 al., sem stendur í ... upp af miðri lendingunni í Stei..

Stærð grunnanna er 3 – þrír – faðmar á hvern veg út frá húsunum.

Velnefndur Halldór Runólfsson hefur frían aðgang að sjó fyrir sig og sitt fólk.

Í leigu fyrir hið ofanritaða borgi velnefndur Halldór Runólfsson árlega kr. 160,00 eitt hundrað og sextíu krónur –, sem lukist fyrir 31. desember ár hvert.

Leigusamningur þessi er óuppsegjanlegur af minni hálfu, ef leiga er skilvíslega greidd, og gildir jafnt þó velnefndur Halldór Runólfsson selji öðrum húseignir sín..

Frumriti samnings þessa heldur fyrnefndur Halldór Runólfsson, en jeg fæ eptirrit, s.. fest af okkur báðum sem semjendum.

Ofanrituðum leigusamning til staðfestingar rita ég nafn mitt hér undir í viðurv.. tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Bakka 4 april 1907.
Þ. Hálfdansson

Vitundarvottar:
Magnús Þórarinsson Steintúni.
Valdimar Magnússon hreppstjóri á Bakka.

Ár 1907, 18. apríl, er samningur þessi innfærður í afsals- og veðmálabók Norður-Múlasýslu Ltra J, bl. 190, og þinglesinn á Skeggjastaða-manntalsþingi 27. maí 19..

Þinglestursgjald:
5 – fimm – krónur.
Innført.